

Truenorth Nordic ehf.
Fiskislóð 31a
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2022
UST202208-238/Þ.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndatökuleyfi - Reykjanes

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 25. ágúst 2022, um leyfi til kvikmyndatöku og aksturs utan vega innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi til að koma fyrir leikmynd á Djúpavatsleið og kveikja í henni með stýrðum gaseld og koma fyrir búnaði til að framleiða reyk. Leikmyndinni yrði komið fyrir með pallbíl með krana. Í tengslum við tókurnar þarf tókulið að athafna sig á fjórhjóladrifnu ökutæki í 10 metra radíus út frá leikmyndinni. Bifreiðar verða ekki sýndar aka utan vegar. Við Djúpavatsleið yrði þremur tækjatrúkkum komið fyrir rétt utan við veginn sunnan tókustaðar. Norðan við tókustaðinn yrði komið fyrir 4 tækjatrúkkum og 2 tækja sendlingum þvert út frá vegi svo hægt sé að afhlaða þá beint á veginn. Kort sem sýnir staðsetningar tókustaðar og hvar bifreiðum yrði lagt fylgdi með umsókn. Á sandinum norðan við Kleifarvatn yrði komið fyrir 10 aðstöðurútum og um 70 fólksbílum. Undirbúningur fyrir verkefnið hefst 25. september 2022 og er reiknað með að frágangi ljúki 28. september 2022. Óskað er eftir því að fá að slóðadraga svæðið að tókum loknum og fara með hrifur þar sem við á til að afmá öll för eftir tókurnar. Óskað hefur verið eftir því við Vegagerðina að fá að loka hluta Djúpavatsleiðar rétt á meðan leikmyndin er staðsett á veginum. Að tókunum koma 130 manns.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrfar svæðisins til skamms tíma og á gesti svæðisins meðan vegalokun varir. Svæðið sem tókur fara á er að mestu ógróið og því ekki talin hætta á að eldurinn berist í gróður. Mat stofnunarinnar er að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins og vandað til við frágang.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku og akstri utan vega innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan 25. - 29. september 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Auglýsa skal veglokunina með skýrum hætti og merkja hjáleiðir.
- Hafa skal tiltækan búnað til að koma í veg fyrir að logar frá eldinum og efni frá reykframleiðsluni berist í jarðveg og gróður á svæðinu. Búnaður til að hreinsa upp efnaleka skal vera til taks.
- Til að koma í veg fyrir að verkefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka þeim tækjum sem óskað er eftir að fá að fara útfyrir veg að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Akstur annara faratækja en tilgreind voru í umsókn umsækjanda að fengju undanþágu til að keyra utan vega er bannaður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Vegagerðarinnar þarf fyrir lokun vegarins.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur